

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 138/805*  
*komudagur 18.12.2009*

Akureyri 18. desember 2009

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá umhverfisnefnd Alþingis **tillögu til þingsályktunar um friðlýsingu Skjálfandafljóts, 44. mál.**  
Stjórnin samþykkti eftirfarandi:

Stjórn Eyþings vísar til og tekur undir umsögn sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar, þar sem sérstaklega er vakin athygli á vinnu við aðalskipulag sveitarfélagsins.

f.h. stjórnar Eyþings

---

Pétur Þór Jónasson  
framkvæmdastjóri

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 138/838*  
*komudagur 22. 12. 2009*


Akureyri 18. desember 2009

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá umhverfisnefnd Alþingis **tillögu til þingsályktunar um friðlýsingu Skjálfandafljóts, 44. mál.**  
Stjórnin samþykkti eftirfarandi:

Stjórn Eyþings vísar til og tekur undir umsögn sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar, þar sem sérstaklega er vakin athygli á vinnu við aðalskipulag sveitarfélagsins.

f.h. stjórnar Eyþings

  
Pétur Þór Jónsson  
framkvæmdastjóri

Alþingi  
Erindi nr. Þ 138/483  
komudagur 7.12.2009



Umhverfisnefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Húsavík 7. desember 2009


**Varðar umsögn um frumvarp til laga um friðlýsingu Skjálfandafljóts**

Stjórn og trúnaðarmannaráð Framsýnar-stéttarfélags hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um friðlýsingu Sjálfandafljóts, 44. mál.

Þar sem mjög skiptar skoðanir eru innan félagsins með frumvarpið varðandi friðlýsingu Skjálfandafljóts treystir félagið sér ekki til leggjast með eða á móti frumvarpinu í þeirri mynd sem það hefur verið kynnt.


Þessari samþykkt er hér með komið á framfæri.

**Virðingarfyllst!**

Fh. Framsýnar-stéttarfélags  
  
Aðalsteinn Q. Björksson  
FRAMSÝN  
STÉTTARFÉLAG ÞINGEYINGA  
kuti@framsyn.is

Garðarbraut 26 640 Húsavík

Sími 464 6600  
Fax 464 6601  
kuti@framsyn.is  
www.framsyn.is



Alþingi  
umhverfisnefnd  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 138/461*  
*komudagur 7.12.2009*

Akranesi 04. desember 2009

Tilvísun: L09110013/022.1/MG/--

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um friðlýsingu Skjálfandafljóts, 44. mál.**


Landmælingar Íslands vísa til erindis frá umhverfisnefnd Alþingis þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um friðlýsingu Skjálfandafljóts, 44. mál.

Eftirfarandi eru ábendingar stofnunarinnar vegna þessa frumvarps:

1. Nú er til meðferðar á Alþingi þingsályktun um náttúruverndaráætlun. Það virðist vera eðlilegt að umfjöllun um friðlýsingu Skjálfandafljóts sé hluti af umfjöllun um friðlýsingar á landinu öllu í náttúruverndaráætlun en ekki sem sérstakt afmarkað mál.

2. Með þingsályktun um friðlýsingu Skjálfandafljóts fylgir ekki kort eða uppdráttur. Landmælingar Íslands benda á að slíkt kort ætti að auðvelda umfjöllun um málið og koma í veg fyrir misskilning t.d. um hvaða svæði, stjórnsýslueiningar eða eignir er að ræða.

Bestu kveðjur

  
Magnús Guðmundsson  
forstjóri

Alþingi  
Erindi nr. P 138/725  
komudagur 14.12.2009



Málanr. 11.11  
10. desember 2009

Nefndarsvið Alþingis  
b.t. umhverfisnefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Varðar: Athugasemdir Landsnets hf. við þskj. 44 „Tillaga til þingsályktunar um friðlýsingu Skjálfandafljóts og alls vatnasviðs þess ofan Mjóadalsár“

Landsnets endurtekur ábendingu sína frá 08. desember 2008 um sama mál, en hún hljóðar svo: „Landsnet vekur athygli á að tvær af háspennulínurnar fyrirtækisins þvera Skjálfandafljót í dag (Kröflulína 1 og Laxárlína 1). Einnig bendir fyrirtækið á að vegna endurnýjunar og styrkingar á flutningskerfi rafmagns á landinu, er fyrirsjáanlegt að í framtíðinni munu önnur flutningsmannvirki þurfa að þvera fljótið“.

Jafnframt er vakin athygli á gildandi svæðisskipulagi miðhálandisins (maí 1999) en í því er gert ráð fyrir háspennulínunum, sem liggja meðal annars með fljótinu eða í næsta nágrenni þess.

Virðingarfyllst,

Hildur B. Hrólfsdóttir  
Gæða- og umhverfisstjóri  
Landsnet hf.  
Gylfaflöt 9  
112 Reykjavík.  
[hildur@landsnet.is](mailto:hildur@landsnet.is)



Alþingi  
Erindi nr. P 138/806  
komudagur 17.12.2009

## Landsvirkjun

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10

Reykjavík, 16.12.2009  
Tilvísun vor: 98.11

150 REYKJAVÍK

Efni: **Umsögn um tillögu til þingsályktunar um friðlýsingu Skjálfandafljóts og alls vatnasviðis þess ofan Mjóadalsár, þskj. 44 - 44. mál**

Að beiðni Umhverfisnefndar Alþingis er hér með látin í té neðangreind umsögn Landsvirkjunar við tillögu til þingsályktunar um friðlýsingu Skjálfandafljóts og alls vatnasviðis þess ofan Mjóadalsár, þskj. 44 - 44. mál, sem lögð hefur verið fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009 –2010.

Af ofangreindu tilefni bendir Landsvirkjun á eftirfarandi:

- Í skýrslu verkefnisstjórnar um gerð rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma frá nóvember 2003 eru virkjanir í Skjálfandafljóti flokkaðar samkvæmt sérstakri aðferðfræði, þar sem mat er lagt á umhverfisáhrif, heildarhagnað og arðsemi. Virkjun Skjálfandafljóts með Hrafnabjargarvirkjun a er metin hafa umhverfisvísitöluna b, þar sem a er lægsti flokkur og e sá hæsti.
- Um þessar mundir er unnið að öðrum áfanga rammaáætlunar þar sem markmiðið er að ná sátt um vernd og nýtingu með því að leggja mat á virkjunarkosti, jafnt vatnsafl og háhita, og áhrifa þeirra á náttúru- og menningaminjar, meðal annars með tilliti til orkugetu, hagkvæmni og annars þjóðhagslegs gildis.
- Verkefnisstjórn rammaáætlunar er ætlað að ljúka störfum í byrjun árs 2010 og skila skýrslu til iðnaðar- og umhverfissráðherra með heildarmati og flokkun á þeim virkjunarkostum sem teknir voru fyrir í 1. og 2. áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Niðurstöðurnar verða væntanlega lagðar fyrir Alþingi og fá þær með því formlega stöðu.
- Það er skoðun Landsvirkjunar að eðlilegt sé að biða með afgreiðslu þingsályktunartillögunnar þar til sér fyrir endann á meðferð rammaáætlunar.

Virðingarfyllst

Hörður Arnarson  
forstjóri

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 138/432**  
**komudagur 4.12.2009**

Umhverfisnefnd Alþingis  
 Alþingi v/Austurvöll  
 150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 03. desember 2009  
 2009110017/42-1-1  
 TB  
 jgo/tb

**Tillaga til þingsályktunar, friðlýsing Skjálfandafljóts**


Vísað er til tölvupósts frá umhverfisnefnd Alþingis, dags. 27. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um friðlýsingu Skjálfandafljóts og alls vatnasviðs þess ofan Mjóadalsár, þskj. 44-44.mál. Tillagan var áður lögð fram 136. löggjafarþingi en var ekki afgreidd. Í greinargerð kemur fram að þessi tillaga er breytt að því leyti að hún gerir ráð fyrir að heimila megi smávirkjanir og heimarafstöðvar í lækjum og þverám í Skjálfandafljóti neðan Mjóadalsár. Þessi breyting er ekki í megintexta tillögunnar, en fellur líklega undir það sem þar segir um nýtingu fyrirhugaðs verndarsvæðis til landbúnaðar og hefðbundinna nytja.

Náttúrufræðistofnun Íslands veitti umsögn um framangreinda tillögu á 136. þingi og telur að þær breytingar sem hér eru gerðar á tillögunni breyti ekki afstöðu stofnunarinnar og vísar þ.a.l. í fyrri umsögn sína til umhverfisnefndar Alþingis dags. 2. desember 2008.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson  
 forstjóri



Trausti Baldursson



Alþingi  
Erindi nr. P 138/748  
komudagur 15.12.2009



ORKUVEITA  
HÚSAVÍKUR

Skrifstofa Alþingis, nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Húsavík 10. desember 2009

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um friðlýsingu Skjálfandafljóts , 44. mál**

Stjórn Orkuveitu Húsavíkur ehf. tók til umfjöllunar á stjórnarfundum sínum 10. desember 2009 og bókaði eftirfarandi:

*Stjórn Orkuveitu Húsavíkur ehf. leggst alfarið gegn friðlýsingu alls vatnasviðs Skjálfandafljóts.*

Bergur Elías Ágústsson  
Stjórnarformaður

Aðalsteinn Á. Baldursson

Jón Grímsson

Orkuveita Húsavíkur  
Ketilsbraut 9  
640 Húsavík  
Sími: 464-0900  
Fax: 464-0901  
Netfang: [oh@oh.is](mailto:oh@oh.is)  
[www.oh.is](http://www.oh.is)





**SAMORKA**  
Samtök orku- og veitufyrirtækja

Alþingi  
Erindi nr. P 138/749  
komudagur 15.12.2009

Nefndasvið Alþingis  
b.t. umhverfisnefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

14. desember 2009

**Efni: umsögn um tillögu til þingsályktunar um friðlýsingu Skjálfandafljóts og alls vatnasviðs þess ofan Mjóadalsár, 44. mál**

Samkvæmt ályktuninni verður ríkisstjórninni falið að undirbúa og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um friðlýsingu Skjálfandafljóts og alls vatnasviðs þess ofan Mjóadalsár í Bárðadal, að þverám meðtöldum, og verði hvers kyns röskun á náttúrulegum rennslisháttum fljótsins þar óheimil, svo og mannvirkjagerð.

Samorka telur efni tillögunnar ekki tímabært, enda unnið að öðrum áfanga rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Samtökin leggjast því gegn samþykkt tillögunnar.

Að öðru leyti vísast hér í umsagnir aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Adolf Skúlason  
aðstoðarframkvæmdastjóri

Alþingi  
Erindi nr. P 138/350  
komudagur 1.12.2009



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi  
Umhverfisnefnd  
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík 30.11.2009

**Efni: Umsögn SA um þingsályktunartillögu um friðlýsingu Skjálfandafljóts**

Samtök atvinnulífsins leggjast gegn því að tillagan verði samþykkt. Mikilvægt er að efla hagvöxt og fjölga störfum um allt land og ekki síst á Norðurausturlandi og virkjun Skjálfandafljóts getur orðið mikilvægur þáttur í því að efla byggð á svæðinu, tryggja uppbyggingu öflugs og arðbærs atvinnurekstrar sem greiðir góð laun og byggður er upp til langrar framtíðar. Auk þess fylgir slíkri uppbyggingu margs konar annar atvinnurekstur og þjónusta sem tryggir undirstöður byggðar, öflugs mannlífs og aukinna lífsgæða. Sú reynsla sem fengist hefur af virkjunum hingað til bendir eindregið til þær geti leitt til aukins ferðamannastraums og engin ástæða til að ætla að annað muni gerast í þessu tilviki.

Á það er bent að áður en kemur til virkjana og atvinnurekstrar tengdum þeim mun hafa farið fram umhverfismat þeirra framkvæmda og að það er viðkomandi sveitarstjórna að veita leyfi fyrir einstökum framkvæmdum og óeðlilegt að Alþingi taki fram fyrir hendur heimamanna með þeim hætti sem tillagan gerir ráð fyrir.

Virðingafyllst,

  
Pétur Reimarsson

Alþingi  
Erindi nr. P 138/814  
komudagur 18.12.2009



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. desember 2009

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um friðlýsingu Skjálfandafliðs og alls vatnasviðs þess ofan Mjódalsár, 44. mál.**

Samtök iðnaðarins hafa fengið til umsagnar ofangreinda þingsályktunartillögu. Vísað er til umsagnar samtakanna þegar málið var lagt fram á 136. löggjafarþingi. Nú er í gangi er vinna við gerð rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Það mál sem hér er fjallað um er hluti af þeirri vinnu og eðlilegt er að sú vinna fái að hafa sinn gang og mállð hljóti umfjöllun þar.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Bryndís Skúladóttir', written over a horizontal line.

Bryndís Skúladóttir,  
forstöðumaður umhverfismála



Alþingi  
Erindi nr. P 138/804  
komudagur 17.12.2009

**Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009**

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn Iceland s: 464-4163 f. 464-4363, netf. gudrunm@myv.is

Skrifstofa Alþingis  
b/t Sigrún Helga Sigurjónsdóttir  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Mývatnssveit, 17. desember 2009.**

Á fundi sveitarstjórnar Skútustaðahrepps 10. des. s.l. var eftirfarandi fært til bókar:

**“Umsögn um frumvarp til laga um friðlýsingu Skjálfandafljóts.**

Með tölvupósti dags. 27. nóv. óskar Umhverfisnefnd Alþingis eftir umsögn sveitarstjórnar á frumvarpi til laga um friðlýsingu Skjálfandafljóts, 44. mál. Þess er jafnframt óskað að umsögnin berist fyrir 18. desember.

Á fundi sveitarstjórnar Skútustaðahrepps 28. nóvember 2008 var tekin til umsaganar tillaga til þingsályktunar um friðlýsingu vatnasviðs Skjálfandafljóts, 34 mál. Skoðun sveitarstjórnar hefur ekki breyst frá því sú umsögn var veitt og er hún ítrekuð hér.”

*„Þó að sveitarstjórn Skútustaðahrepps geti tekið undir margt af því sem fram kemur í fyrrnefndu plaggi þá telur hún að það sé ekki í hennar valdi að mæla með friðlýsingu Skjálfandafljóts. Slíkt hlýtur alltaf að vera á valdi þeirra sveitarfélaga sem þar fara með stjórnslu.“*

Þetta tilkynnist hér með.

Bestu kveðjur.

  
Guðrún M. Valgeirsdóttir, sveitarstj.

138. löggjafarþing 2009–2010. Þskj. 44 — 44. mál.

Tillaga til þingsályktunar um friðlýsingu Skjálfandafljóts og alls vatnasviðs þess ofan Mjóadalsár.

Alþingi  
Erindi nr. Þ 138/790  
komudagur 16.12.2009

Reykjavík 16. desember 2009

*Svartárvot, menning – náttúra:*

**Umsögn um tillögu til þingsályktunar um friðlýsingu Skjálfandafljóts.**

Svartárvotsverkefnið byggir á sérstöku sambandi menningar og náttúru í Bárðardal og nágrenni. Það felur í sér mikla möguleika fyrir svæðið og treystir á markvissa vernd þessa umhverfis.

Hvers konar röskun náttúru- og menningarminja er því ákaflega óheppileg fyrir þá starfsemi sem hér er verið að byggja upp. Sérstaklega væri skaðlegt ef ráðist væri í stóra virkjun þar sem fornleifar og sérstök náttúra færu á kaf. Nefna má að Aldeyjarfoss er talinn meðal fegurstu fossa landsins og er fastur viðkomustaður í námskeiðum *Svartárvots, menningar – náttúru*.

Það er því mat forsvarsmanna Svartárvotsverkefnisins að friðlýsing Skjálfandafljóts væri mjög heppileg af tveim ástæðum:


- Friðlýsing tryggir vernd þess umhverfis sem verkefnið byggir á.
- Með opinberri viðurkenningu fær svæðið aukið vægi sem mun nýtast *Svartárvoti, menningu – náttúru* í markaðssetningu námskeiða sinna.

Þó teljum við að rétt sé að leyfa takmarkaðar framkvæmdir sem samræmast hefðbundinni landnotkun eða stuðla að útivist og ferðaþjónustu í sátt við náttúruna en raska ekki náttúru- og menningarminjum. Er það í samræmi við þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð með tillögunni.

Fyrir hönd *Svartárvots, menningar – náttúru*



Axel Kristinsson



Viðar Hreinsson

Alþingi  
Erindi nr. Þ 138/750  
komudagur 15.12.2009



## Þingeyjarsveit

590602-2640  
Kjarna - 650 Laugar  
Sími: 464 3322 - Bréfsími: 464 3422  
thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is  
www.thingeyjarsveit.is

Laugum 09.12.09

*Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík*

### **Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um friðlýsingu vatnasviðs Skjálfandafljóts**

Meðfylgjandi umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um friðlýsingu Skjálfandafljóts og alls vatnasviðs þess ofan Mjóadalsá, 44. máls 2009, var samþykkt einróma á fundi sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar þann 10. desember 2009.

„Þingeyjarsveit leggst eindregið gegn því að allt Skjálfandafljót verði friðlýst. Nú er unnið að aðalskipulagi Þingeyjarsveitar og vonir standa til það verði staðfest fyrir mitt næsta ár. M.a. hefur verið rætt um að friða hluta Skjálfandafljóts en þar falla undir þeir staðir sem þegar eru á náttúruminjaskrá, eins og Goðafoss, Aldeyjarfoss, Hrafnabjargafoss og Þingey. Í vinnudrögum aðalskipulags er lagt til að fallið verði frá öllum virkjunaráformum í Skjálfandafljóti, þar á meðal Hrafnabjargavirkjunar. Hins vegar vill sveitarfélagið áskilja sér rétt til að nýta vatn úr Skjálfandafljóti til vistvænnar starfsemi, eins og t.d. kælivatnstöku fyrir tölvugagnaver þar sem vatninu yrði skilað aftur í fljótið. Sveitarstjórn leggst í sjálfu sér ekki gegn því að vatnasvið Skjálfandafljóts verði friðlýst ofan Mjóadalsár. Sveitarstjórn telur eðlilegt að afstaða til slíkrar friðunar verði tekin í aðalskipulagi sveitarfélagsins áður en ríkisvaldið tekur fram fyrir hendurnar á sveitarfélaginu í skipulagsmálum. Sveitarstjórn og skipulagsnefnd hafa í vinnu sinni við aðalskipulagsgerðina lagt sig fram um að gæta að umhverfisþætti skipulagsmála í hvívetna.“

Sveitarstjórnaryfirlit;  
  
Sveitarstjórinn Þingeyjarsveit